

Alþingi

Erindi nr. þ 120/1452

komudagur 16/4 1996

Verslunarmannafélag Ísafjarðar
Austurvegi 2,
400 Ísafjörður.
Sími 456-3328
Fax 456-3324

Ísafirði 15. apríl 1996

Félagsmálanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík.

Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 80/1938 um stéttafélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.

Óskað hefir verið um umsögn Verslunarmannafélags Ísafjarðar um ofangreint frumvarp, um breytingar á vinnulöggjöfnni.

Svar félagsins er eftirfarandi:

Verslunarmannafélag Ísafjarðar mótmælir því harðlega að félagsmálaráðherra og ríkisstjórnin skuli hafa ákveðið að leggja fram á alþingi frumvarp til laga um breytingar á vinnulöggjöfnni, og eyðileggja þannig í reynd þær viðræður er í gangi voru milli aðila vinnumarkaðarins um samskiptareglur á vinnumarkaði, og endurskoðum þeirra. Með frumvarpinu sem lagt er fram í fullri andstöðu við verkalyðhreyfinguna, er verið að ganga þvert gegn þeim þrihliðasamskiptum stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um mótun samskiptareglna á vinnumarkaði sem hér hafa þróast á undanförmum áratugum.

Stjórn Verslunarmannafélags Ísafjarðar skorar á Félagsmálanefnd, að leggja frumvarpið til hliðar, og stuðla þannig að því að samtök launafólks og atvinnurekanda gefist tækifæri til að semja sín á milli um þær leikreglur sem þeim er ætlað að starfa eftir.

Virðingarfyllst,
f.h. Verslunarmannafélag Ísafjarðar


Gylfi Guðmundsson, formaður.

SAMRIT SENT ÞINGMÖNNURU
OG MIÐSTJÖRNU ASI.